

Fyrirspurnir og svör nr. 1 í verkefni nr. 14802 – rekstur hjúkrunarheimilis að Suðurlandsbraut 66 ásamt þeim fyrirspurnum og svörum og athugasemdum sem fyrir voru.

Athugasemdir verkkaupa og fyrirspurnir og svör birt á vef:

30. mars – Fyrirspurnir og svör nr. 7 - 23 ásamt þeim fyrirspurnum og svörum og athugasemdum sem fyrir voru.

25. mars – Fyrirspurnir og svör nr. 2 - 6 ásamt þeim fyrirspurnum og svörum og athugasemdum sem fyrir voru.

22. mars – athugasemd verkkaupa nr. 2 ásamt athugasemdum, fyrirspurnum og svörum sem fyrir voru.

18. mars – Fyrirspurnir og svör nr. 1 ásamt athugasemdum sem fyrir voru

4.mars – athugasemd verkkaupa nr. 1

Fyrirspurn 23:

Nú er óheimilt að senda inn frávíkstilboð. Engu að síður er spurt hvort heimilt sé að senda inn mismunandi valkosti varðandi ýmsa stoðþjónustu og má þar nefna þvottþjónustu, matargerð og lyfjaskömmtnun? Sem dæmi um slíkt væri að annars vegar yrði boðið upp á vélskömmtnun eða handskömmtnun lyfja og verkkaupi tæki ákvörðum um hvor leiðin yrði farin?

Svar 23:

Heimilt er að bjóða upp á fleiri en einn kost svo framarlega sem allir boðnir kostir eru í samræmi við kröfur verklýsingar. Þátttakandi er skuldbundinn til að geta staðið við alla þá kosti sem boðnir eru án skilyrða. Ekki er litið á slíkt sem frávíkstilboð.

Fyrirspurn 22:

Unnin hefur verið ítarlega rekstar- og fjárhagsáætlun sem er 20 blaðsíður (excel – sheets) að lengd. Er heimilt að senda hluta þessa skjals á tölvutæku formi sem viðauka?

Svar 22:

Heimilt er að láta þennan hluta fylgja á tölvutæku formi, en honum þarf að skila ásamt tilboði á minnislykli eða geisladisk ásamt öðrum hlutum tilboðs á tölvutæku formi.



RÍKISKAUP

Fyrirspurn 21:

2.2.1.2 Ef krafa um kunnáttu og/eða hæfni starfsmanna er meiri í útboðinu en til dæmis þeirra sem starfa á Vífilsstöðum og Víðinesi, hvort er rétt hærra? Er til dæmis hægt að neita að taka við starfsmönnum sem uppfylla ekki skilyrði eins og með íslenskukunnátta. Gildir það sama um menntun lækna?

Svar 21:

Í verklýsingu er einungis tilgreind sérstök krafa um menntun og þekkingu tveggja lykilstarfsmanna. Verklýsingin hefur forgang og er rétt hærra hvað þessa 2 starfsmenn varðar. Það er einungis gerð krafa um íslenskukunnáttu þeirra sem starfa að hjúkrun og umönnun. Uppfylli núverandi starfsmenn sem sinna þeim þáttum þjónustunnar ekki þeim kröfum verður verksali að leysa þeirra mál með öðrum hætti s.s. með verkefnatilfærslum. Svar við fyrsta hluta spurningarinnar nær til læknis, þ.e. hann er annar lykilstarfsmanna sem gerðar eru sérstakar kröfur til um kunnáttu og/eða hæfni.

Fyrirspurn 20:

Í hvaða starfsmenntunarsjóð ber að greiða fyrir ófaglærða starfsmenn?

Svar 20:

Ófaglærðir starfsmenn greiða samkvæmt kjarasamningi í starfsmenntunarsjóð þess stéttarfélags sem þeir eru eða verða skráðir í.

Fyrirspurn 19:

2.2.2.1 Er hægt að fá sendan nákvæman lista yfir tæki og búnað sem kemur annars staðar frá?

Svar 19:

Nei, en stefnt er að því að nota eins mikið og mögulegt er af búnaði frá Víðinesi og Vífilsstöðum. Fjársýsla ríkisins tekur ákvörðun um þetta í samráði við félags- og tryggingamálaráðuneytið og rekstraraðila.

Fyrirspurn 18:

2.4.2.2 eru tveir læstir skápar í hverju herbergi, annar undir lyf og hinn undir persónulega muni?

Svar18:

Nei. Eins og fram kemur í kaflanum um herbergi heimilsmanna (ath 3.4.2.3), er eitt læst öryggishólf í fataskáp fyrir persónulega muni.

Lín -og lyfjageymsluherbergi eru miðsvæðis á hverri hæð (ath 3.4.2.2).

Fyrirspurn 17:

2.4.3.6. Á rekstraraðili að útvega sjónvarp, tölvu og ísskáp?

Svar17:

Verkkaupi leggur til ísskápa í borðstofur á hverri hæð (ath. sbr. 3.4.2.2), en ekki í herbergi heimilsmanna og sjónvörp eru yfirleitt lögð til í sameiginlegt rými. Engar tölvur eru lagðar til.

Sjá einnig um rafkerfi í (3.4.3.6).



RÍKISKAUP

Fyrirspurn 16:

Samkvæmt spurningu 108 bls. 87 þá virðist hjúkrunarfræðingi vera heimilt að gera sjúkraskrá. Er það svo?

Svar 16:

Samkvæmt 4. og 20. gr. laga um sjúkraskrá (55/2009) ber heilbrigðisstarfsmanni að halda sjúkraskrá um þá sem hann veitir þjónustu. Því er hjúkrunarfræðingi heimilt að gera sjúkraskrá.

Landlæknisembættið leggur áherslu á að allir þeir sem sinna sjúklingi færi sjúkraskrá. Þá er mikilvægt að þeir sem sinna sjúklingi hafi aðgang að upplýsingum frá öðrum heilbrigðisstarfsmönnum (að því marki sem við á) sem eykur öryggi sjúklings og gerir alla meðferð markvissari. Fram kemur í lögunum að heilbrigðisstofnunum sé heimilt að færa og varðveita sjúkraskrár sjúklinga í sameiginlegu sjúkraskrárkerfi. Hagsmunir sjúklings við miðlun upplýsinga á ætíð að vera í forgrunni og því eiga allir heilbrigðisstarfsmenn sem sinna sjúklingi/íbúa á stofnun að skrá í sameiginlega sjúkraskrá.

Landlæknisembættisins telur að sameiginleg sjúkraskrá eigi að vera á heilbrigðisstofnunum, að hinu minnsta. Í framtíðinni eigi að huga að miðlægri sjúkraskrá á landsvísu með aðgangsstýringu.

Fyrirspurn 15:

Óskað er eftir nánari skýringu á spurningu 110 bls. 87.

110. Skráning tilefna, greininga og úrlausna. (Skal)

Tilefni, greiningar og úrlausnir á vandamálum einstaklinga skulu færð kóðuð í sjúkraskrá samkvæmt kröfum landlæknis.

Svar 15:

Hvað varðar skráningu í sjúkraskrá gilda framangreind lög um sjúkraskrá og síðan tilmæli landlæknis um kóðunarkerfi greininga. Öll skráning í íslenskri heilbrigðisþjónustu byggir á aðgengilegum og viðeigandi flokkunarkerfum, leiðbeiningum um notkun þeirra við skráningu og eftirliti með henni.

Allir heilbrigðisstarfsmenn sem skrá upplýsingar í sjúkraskrá eiga að nýta til þess a.m.k. þau kóðuðu flokkunarkerfi sem landlæknir hefur mælt fyrir um notkun á. Til þessa hóps heilbrigðisstarfsmanna teljast allir lækningar, allir hjúkrunarfræðingar og lækningaritarar. Ýmsar aðrar stéttir hafa þörf fyrir kóðuð flokkunarkerfi við sína skráningu, s.s. sjúkraþjálfarar og iðjuþjálfar.

Allar stofnanir heilbrigðisþjónustunnar eiga að sjá til þess að sjúkragögn séu skráð og að við skráningu séu notuð þau kóðuðu flokkunarkerfi sem landlæknir hefur mælt fyrir um notkun á. Allur hugbúnaður sem notaður er við skráningu heilbrigðisupplýsinga þarf að veita aðgang að gildandi útgáfum af viðeigandi flokkunarkerfum.

Vefurinn www.skafi.is birtir gildandi útgáfur flokkunarkerfa Landlæknisembættisins.

Fyrirspurn 14:

Gæðaviðmið félagsmálaráðuneytis eru nefnd á bls. 48 liður 98. hvar er hægt að nálgast þessi viðmið?

Svar 14:

Gæðaviðmið á hjúkrunarheimilum eru í stöðugri þróun. Félags- og trygginga- málaráðuneytið lítur á kröfur í verklýsingu sem grunn gæðaviðmiða félags- og



RÍKISKAUP

tryggingamálaráðuneytisins. Gæðaviðmið byggja á kröfum í verklýsingu um rekstur hjúkrunarheimilis við Suðurlandsbraut 66 .

Frekari gæðaviðmið öldrunarþjónustu eru í vinnslu í félags- og tryggingamálaráðuneytinu. Þegar ákvörðun liggur fyrir um notkun þeirra, munu þau viðmið sem lúta að hjúkrunarheimilum ná til allra hjúkrunarheimila sem heyra undir félags- og tryggingamálaráðuneytið og kynning og innleiðing ná til hjúkrunarheimilisins á Suðurlandsbraut, jafnt sem annarra hjúkrunarheimila.

Fyrirspurn 13:

Hvaðan koma þeir einstaklingar sem nefndir eru „geðsjúkir“ á bls. 3 og á hvaða aldri eru þeir? Er gerð krafa um sérstaka mönnun á þessari rekstrareiningu og ef svo er hver er hún?

Svar 13:

Þessir einstaklingar eru allir með gilt vistunarmat. Hluti þeirra kemur frá frá Landspítala Háskólasjúkrahúsi. Það er ekki gerð krafa um sérstaka mönnun vegna þessarar rekstrareiningar

Fyrirspurn 12:

Fylgir einhver tölvubúnaður með húsinu? Ef svo er, hvaða búnaður?

Svar 12:

Það sem fylgir verkframkvæmdinni eru tölvur vegna stýringa kerfa. Hér er um að ræða stjórnstöðvar brunaviðvörðunarkerfis og öryggiskerfis en því fylgir einnig ein PC-tölva, skrifari fyrir aðgangskort og uppsettur hugbúnaður. Þá fylgja 5 tölvur sjúkrakallkerfinu, uppsettar með forritum

Fyrirspurn 11:

Verða sambærileg daggjöld greidd fyrir hjúkrunarsjúklinga 67 ára og yngri samanber aðrar stofnanir sem veita sambærilega þjónustu ?

Svar 11:

Daggjald hjúkrunarheimilisins verður meðaldaggjald fyrir alla heimilismenn hjúkrunarheimilisins óháð því hvort hjúkrunarsjúklingur er yngri eða eldri en 67 ára.

Fyrirspurn 10:

Er krafist vélþökkunar á lyfjum (lyfjarúllur)?

Svar 10:

Ekki eru nein lagaleg skilyrði fyrir því að krefjast vélþökkunar á lyfjum . Hins vegar telur Landlæknisembættið að það bæti öryggi sjúklinga ef samningur um slíka þjónustu er gerður.

Vert er að benda á að með slíkri þjónustu er mun auðveldara fyrir stjórnendur að fá yfirsýn yfir öryggi og hagkvæmni lyfjanotkunar á stofnunninni. Þessi ráðstöfun er því á allan hátt til hagsbóta fyrir íbúa, heilbrigðisstarfsmenn, stofnunina og hið opinbera.

Fyrirspurn 9:

Hvernig verður farið með óuppgert orlof starfsmanna frá Víðinesi og Vífilsstöðum sem kunna að verða ráðnir til starfa að heimilinu?



RÍKISKAUP

Svar 9: Óþjuggert orlof verður gert upp og greitt til viðkomandi starfsmanna við starfslok starfsmanna Víðiness og Vífilstaða.

Fyrirspurn 8:

Hvernig verður farið með áfallnar og ógreiddar lífeyrisskuldbindingar vegna fyrrverandi starfsmann frá Víðinesi og Bláa bandinu?

Svar 8:

Meginreglan hjá ríkisstofnunum er sú að það verða skil við yfirfærsluna, þ.e.a.s. að gamla stofnunin ber ábyrgð á þeim skuldbindingum sem urðu til áður en yfirfærsla átti sér stað en nýja stofnunin tekur við frá og með þeim tíma sem yfirfærslan á sér stað.

Fyrirspurn 7:

Verður Sögu sjúkraskrárkerfið útvegað af verkkaupa?

Svar 7:

Sögu sjúkraskrárkerfið verður ekki útvegað.

Fyrirspurn 6:

Festingar í loft herbergja heimilismanna (2.4.2.3.):

Fram kemur í útboðsgögnum að festingar séu í lofti herbergja heimilismanna svo hægt verði að setja upp lyftara hjá þeim sem þess þurfa. Er átt við brautir fyrir lyftara í herbergjunum? Hvað munu margir mótórarar og segl (lyftarar) fylgja með heimilinu? Er ljóst frá hvaða aðila lyftubúnaður verður keyptur?

Svar 6:

Í framkvæmdarútboðinu er gert ráð fyrir festingum í öllum hjúkrunarrýmum en í 27 rýmum eru sett upp loftfest brautarkerfi til flutnings notanda á salerni, í sturtu og um alla stofu hjúkrunarrýmis samkvæmt teikningum arkitekta og verklýsingu. Það sem um er að ræða í þessum 27 rýmum eru brautir, brautarbogar, loft- og veggfestingar, lyftuhaus, rofi, hleðslustöð, lás og allur búnaður og annað sem til þarf til þess að þetta virki allt saman. Hægt er að flytja þennan búnað, þ.m.t. brautirnar, á milli rýma. Búnaðurinn er frá Eirberg og er af gerðinni Goldmann. Búið að setja brautarkerfin upp í 27 rýmum og festingar í öllum rýmum. Fjöldi segla verður ákveðinn þegar farið verður að kaupa búnað inn í húsnæðið.

Fyrirspurn 5:

Kallkerfi (2.4.3 bls 32):

Hvaða kallkerfi verður keypt (tegund)?

Svar 5:

Ef átt er við sjúkrakallkerfið þá er það frá Öryggismiðstöðinni af gerðinni Intercall.

Fyrirspurn 4:

Varðandi daggjöld (2.1.2.):

Verður greitt hærra daggjald fyrir sérhæfðu einingarnar s.s. 10 rými fyrir geðsjúka, 10 rými fyrir heilablaða yngri en 67 ára og 10 rými fyrir hjúkrunarsjúklinga yngri en 67 ára?



RÍKISKAUP

Svar 4:

Daggjald verður meðaldaggjald fyrir alla heimilismenn hjúkrunarheimilisins, hvort sem einstaklingurinn er í hjúkrunarrými, í geðrymi, í rými fyrir heilabílaða eða hann er yngri en 67 ára. Varðandi geðrymi þá er óraunhæft að bera daggjaldið saman við rekstur geðdeildar á LSH. Þeir vistmenn sem fara frá LSH á öldrunarheimili eins og t.d. Fellsenda og Ás í Hveragerði eru einstaklingar sem hafa fengið meðferð á LSH og eru orðnir stöðugir og falla inn í þá umönnun sem veitt eru á þessum heimilum. Á nær öllum hjúkrunarheimilum eru einstaklingar sem eru yngri en 67 ára og hluti þeirra eru einnig heilabílaðir. Fyrir þessa einstaklinga er greitt meðal daggjald eins og fyrir aðra heimilismenn á hjúkrunarheimilunum.

Fyrirspurn 3:

Húsnæðisgjald (2.1.3.):

Í reglugerð um daggjöld dvalarheimila og dagvista og húsnæðisgjald vegna viðhalds öldrunarstofnana fyrir árið 2010 segir: Gjaldið árið 2010 er 2.878 kr. á m² á ári og reiknast að hámarki á 60 m² á hvert hjúkrunar- og dvalarrými að meðtöldu sameiginlegu rými og að hámarki 30 m² á dagvistunarrými að meðtöldu sameiginlegu rými. Gjaldið reiknast aldrei á stærra rými en sem stærð húsnæðisins nemur. Heildarstærð hjúkrunarheimilisins að Suðurlandsbraut er um 7.690 brúttófermetarar og húsnæðið ætlað fyrir 110 rými. Stærð með sameiginlegu rými verður því um 70 fm pr rými. Hvernig verður greitt fyrir viðhald á þessa 10 fm sem eru umfram það viðmið sem gefið er upp í reglugerðinni ?

Svar 3:

Fyrirhugað er að breyta stærðarhámarki sem er í framangreindri reglugerð þegar hún verður endurskoðuð um næstu áramót þannig að stærðarhámarkið verði í samræmi við þær stærðarkröfur sem félags- og tryggingamálaráðuneytið gerir um stærð húsnæðis fyrir hjúkrunarrými.

Fyrirspurn 2:

Viðhald húsnæðis (2.1.3.):

Húsnæðisgjaldi er ætlað að standa undir almennu viðhaldi en ekki stofnkostnaði, afskriftum eða meiriháttar breytingum og endurbótum á húsnæði. Hvert mun verksali snúa sér og hver kostar ef þarf að gera meiriháttar breytingar eða endurbætur á húsnæðinu ?

Svar 2:

Húsnæðið að Suðurlandsbraut 66 er í eigu ríkissjóðs og Reykjavíkurborgar og eru þau ábyrgð fyrir meiriháttar breytingum og endurbótum á húsnæðinu og þarf verksali að snúa sér til félags- og tryggingamálaráðuneytisins og til Reykjavíkurborgar ef gera þarf meiriháttar breytingar eða endurbætur á húsnæðinu.

Athugasemd verkkaupa 2:

Í verkefnisyfirliti í kafla 1.1.1, 3. og 4. lið segir :

☐ Fyrirspurnarfrestur útrunninn **23.03.2010**.

☐ Svarfrestur útrunninn **26.03.2010**.

Þessum texta er breytt og skal standa:

☐ Fyrirspurnarfrestur útrunninn **31.03.2010**.

☐ Svarfrestur útrunninn **03.04.2010**.



RÍKISKAUP

Ríkiskaup biðjast velvirðingar á þessum mistökum.

Athugasemd verkkaupa 1:

Í númeraðri kröfu nr. 10, kafla 2.2.1.1, og í kafla 5 - Viðauka C, segir m.a. "...menntun eða starfsreynslu á sviði stjórnunar og á sviði öldrunarhjúkrunar og geðhjúkrunar eða hjúkrunar einstaklinga..."

Þessum texta er breytt og skal standa "...menntun eða starfsreynslu á sviði stjórnunar og á sviði öldrunarhjúkrunar, geðhjúkrunar eða hjúkrunar einstaklinga..."

Ríkiskaup biðjast velvirðingar á þessum mistökum.

Fyrirspurn 1:

Í útboðslýsingu vegna framangreinds útboðs segir m.a.:

„Verkefni þetta er undanskilið ákvæðum laga nr. 65/1993 um framkvæmd útboða og ákvæðum laga nr. 84/2007 um opinber innkaup. Því er ekki um eiginlegt útboð að ræða og verkefnið ekki auglýst á EES svæðinu. Hins vegar er stuðst við verklag við útboð þar sem jafnræði þátttakenda og gagnsæi verkferils er tryggður, sbr. gr. 14 í lögum um opinber innkaup nr. 84/2007.“

Með vísan til þessa er þess óskað að upplýst verði og rökstutt lögfræðilega, á hvaða grundvelli Ríkiskaup telur að umrætt útboð sé undanskilið ákvæðum framangreindra lagabálka.

Svar 1:

Hér er um að ræða kaup á heilbrigðisþjónustu en slík kaup eru undanskilin útboðsskyldu samkvæmt 21.gr. laga nr. 84/2007 um opinber innkaup, sbr. Viðauki II B tilskipunnar 2004/18/EB. Hins vegar er horft til verklags við útboð þar sem jafnræði þátttakenda og gagnsæi verkferils er tryggður, sbr. gr. 14 í lögum um opinber innkaup nr. 84/2007.

Virðingarfyllt
F.h. Ríkiskaupa

Haraldur Hrafn Guðmundsson, Verkefnastjóri



RÍKISKAUP